

266. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 13. JÚNÍ 2017 KL 9:30

haldinn í Skálholti

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármál
 - a) Fundargerð fjármálahóps frá 12. júní 2017.
 - b) Ástjarnarkirkja, erindi varðandi lúkningu á fjármögnun byggingarframkvæmda við safnaðarheimili.
 - c) Fjármálaáætlun ríkisins 2018-2022, afgreiðsla Alþingis og næstu skref.
 - d) Almanntengsl, nýr vefur kirkjunnar, stofnkostnaðaráætlun og ritstjórnarstefna.
3. Fasteignir
 - a) Fundargerð kirkjustarfshóps 6. júní 2017.
 - b) Glaumbær, deiliskipulag fyrir safnsvæði.
 - c) Hof í Vopnafirði, afsal lóðar undir safnaðarstofu.
 - d) Stafholtskirkja á Bjarnardal, þjóðlendumál, stefna ríkisins.
 - e) Reynivellir, Seljadalur, skógrækt.
 - f) Eignaskrá Kirkjumálasjóðs.
 - g) Ábúðarsamningur um Hraungerði.
 - h) Reykhólar, breytt skipan prestakalla.
 - i) Reynivellir, hitaveituf framkvæmdir.
 - j) Saurbær, tjón vegna hitaveitulagnar, stöðuskýrsla.
 - k) Staðastaður, veiðiréttur í Staðará og landamerkjumál, stöðuskýrsla.
4. Málefni Skálholts
 - a) Aðalfundur Skálholtsfélagsins nýja, skýrsla stjórnar.
 - b) Samstarfssamningur við Alta, ráðgjafarfyrtæki vegna uppbyggingar í Skálholti.
5. Skerðing sóknargjalda, upplýsingagjöf til sókna landsins.
6. Ársreikningur Löngumýrarskóla.
7. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Sr. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup og staðgengill biskups Íslands stýrði fundi. Fundinn sátu kirkjuráðsmennirnir Stefán Magnússon, Svana Helen Björnsdóttir, séra Gísli Gunnarsson og séra Elínborg Gísladóttir.

Jafnframt sátu fundinn, Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð.

2. FJÁRMÁL

- a) *Fundargerð fjármálahóps frá 12. júní 2017.*
Fundargerðin lögð fram og samþykkt.
- b) *Ástjarnarkirkja, erindi varðandi lúkningu á fjármögnun byggingarframkvæmda við safnaðarheimili.*
Erindið lagt fram. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að afgreiða málið.
- c) *Fjármálaáætlun ríkisins 2018-2022, afgreiðsla Alþingis og næstu skref.*
Lagður fram útdráttur úr nefndarátliti meirihluta fjárlaganefndar Alþingis þar sem fram kemur að nefndin leggur áherslu á að samningar náist um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju fyrir gerð fjárlaga fyrir árið 2018. Kirkjuráð tekur undir þessa ályktun Alþingis og lýsir yfir vilja sínum til að leggja samninganefnd kirkjunnar sem kjörin var af kirkjuþingi allt það lið sem það hefur yfir að ráða til að þetta megi takast.
- d) *Almannatengsl, nýr vefur kirkjunnar, stofnkostnaðaráætlun.*
Áætlunin lögð fram. Kirkjuráð lýsir yfir stuðningi við verkefnið og óskar eftir nákvæmari kostnaðaráætlun.
-

3. FASTEIGNIR

- a) *Fundargerð kirkjustarfshóps frá 6. júní 2017.*
Fundargerðin lögð fram og samþykkt.
- b) *Glaumbær, deiliskipulag fyrir safnsvæði.*
Lögð fram lýsing á fyrirhugaðri gerð deiliskipulags fyrir safnsvæði Byggðasafns Skagfirðinga í Glaumbæ ásamt þarfagreiningu og fylgigögnum.
Lagt fram til kynningar. Gísli Gunnarsson verður tengiliður kirkjuráðs í málinu svo sem verið hefur.
- c) *Hof í Vopnafirði, afsal lóðar undir safnaðarstofu.*
Erindið lagt fram. Það hefur áður verið á dagskrá kirkjuráðs og þá afgreitt. Það er nú lagt fyrir með umsókn landeiganda um skráningu landeignarinnar Þorgilsreitur í fasteignaskrá. Umsóknin samþykkt og árituð af kirkjuráði.

- d) *Stafholtskirkja á Bjarnardal, þjóðlendumál, stefna ríkisins.*
Stefnan lögð fram. Inga Tryggvasyni hrl. hefur verið falið að fara með málsvörn Kirkjumálasjóðs í málinu.
- e) *Reynivellir, Seljadalur, skógrækt.*
Málið hefur áður verið á dagskrá kirkjuráðs og var þá falið kirkjustarfs/ fasteignahópi til frekari vinnslu. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um málið. Svo sem áður er fram komið fól starfshópurinn Sigurgeir Skúlasyni landfræðingi að skoða landamerki Reynivallajarðarinnar með það fyrir augum að í ljós verði leitt hvort dalurinn væri allur innan hennar. Niðurstaða hans liggur fyrir og er sú að ekki sé vafi á að dalur þessi tilheyni Reynivöllum. Í samræmi við þá stefnu kirkjuráðs að selja ekki spildur úr landareignum Kirkjumálasjóðs nema sérstök ástæða þyki til er framkvæmdastjóra falið að upplýsa fyrirspyrjanda um að ekki standi til að selja spildur úr landi Reynivalla.
- f) *Eignaskrá Kirkjumálasjóðs.*
Eignaskráin lögð fram. Samkvæmt henni er brunabótamat fasteigna Kirkjumálasjóðs 6,7 ma.kr. hinn 1. janúar 2017. Þá er lóðamat fasteigna og jarðeigna sjóðsins 518,3 m.kr. Kirkjustarfs/fasteignahópi falið að taka gögnin til frekari skoðunar.
- g) *Ábúðarsamningur um Hraungerði.*
Samningurinn lagður fram til kynningar. Hann er fyrir fardagaárið 2017-2018 Ekki er gert ráð fyrir að hann verði framlengdur og er framkvæmdastjóra falið að leggja drög að því að hafið verði söluferli eignarinnar.
- h) *Reykholar, breytt skipan prestakalla.*
Lögð fram umsögn prófastsins á Vestfjörðum um tillögur biskupafundar um breytta skipan prestakalla í prófastsdæmi hans.
- i) *Reynivellir, hitaveituframkvæmdir.*
Lagt fram samkomulag um afnot af landi milli Kjósarveitna og eiganda og ábúanda jarðarinnar Reynivalla. Samkomulagið er dags. 6. apríl 2017. Einnig lögð fram yfirlýsing um þátttöku í hitaveitu og skuldbindingu um tengingu fasteignar við hitaveitulögn sem dagsett er 15. febrúar 2016. Yfirlýsingin er undirrituð af þáverandi framkvæmdastjóra kirkjuráðs en í henni er áskilið að hún skuli samþykkt af þeim sem skuldbinda eigandann. Hún er því hér lögð fram til samþykktar kirkjuráðs. Samkomulagið er jafnframt lagt fram til samþykktar og áritunar kirkjuráðs.
- j) *Saurbær, tjón vegna hitaveitulagnar, stöðuskýrsla.*
Framkvæmdastjóri flutti skýrslu sína. Kirkjuráð samþykkir að fara fram á yfirmat í málinu og er Gesti Jónssyni hrl. falin áframhaldandi meðferð málsins f.h. Kirkjumálasjóðs.
- k) *Staðastaður, veiðiréttur í Staðará og landamerkjumál, stöðuskýrsla.*
Framkvæmdastjóri flutti skýrslu sína. Kirkjuráð samþykkir tillögu framkvæmdastjóra þess efnis að Gesti Jónssyni hrl. verði falið að leiða samningaviðræður um sátt í

landamerkjamálinu og um hlutfallslega skiptingu þess beitjarlands sem Hæstiréttur dæmdi að væri grundvöllur veiðiréttar í Staðará. Náist ekki samningar á þessum grundvelli verði málið lagt fyrir kirkjuráð á ný til ákvörðunar um hvort farið verði með það fyrir héraðsdóm að nýju.

4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

- a) *Aðalfundur Skálholtsfélagsins nýja, skýrsla stjórnar.*
Skýrslan lögð fram til kynningar.
- b) *Samstarfssamningur við Alta, ráðgjafarfyritæki vegna uppbyggingar í Skálholti.*
Lögð fram drög að samstarfssamningi. Kirkjuráð samþykkir að vísa málinu til stjórnar Skálholts og vígslubiskups og taka það fyrir að nýju eftir umfjöllun þeirra.

5. SKERÐING SÓKNARGJALDA, UPPLÝSINGAGJÖF TIL SÓKNA LANDSINS.

Lögð fram tafla sem sýnir að skerðing sóknargjalda frá og með árinu 2009 er orðin samtals 5,76 ma.kr. Upplýsingarnar hafa verið sundurliðaðar á sóknir landsins og sendar formönnum sóknarnefnda.

| tekjur af sóknargjaldi | ákvörðað | reiknað | mismunur |
|--------------------------------------|------------------------|-----------------------|----------------------|
| Vestur-Reykjavíkurprófstdæmi | -3.616.697.466 | 4.739.913.804 | 1.123.216.338 |
| Austur-Reykjavíkurprófstdæmi | -4.875.018.148 | 6.420.522.455 | 1.545.504.308 |
| Kjalarnesprófstdæmi | -3.863.582.299 | 5.117.587.383 | 1.254.005.083 |
| Vesturlandsprófstdæmi | -919.505.742 | 1.203.793.683 | 284.287.941 |
| Vestfjarðarprófstdæmi | -433.397.795 | 569.584.367 | 136.186.572 |
| Húnavatns- og Skagafjarðarprófstdæmi | -499.322.009 | 656.515.757 | 157.193.748 |
| Eyjarfjarðar- og Þingeyjarprófstdæmi | -1.923.354.115 | 2.532.611.481 | 609.257.366 |
| Austurlandsprófstdæmi | -664.143.388 | 873.279.123 | 209.135.736 |
| Suðurprófstdæmi | -1.223.071.118 | 1.665.469.552 | 442.398.433 |
| mismunur | -18.018.092.080 | 23.779.277.605 | 5.761.185.526 |

6. ÁRSREIKNINGUR LÖNGUMÝRARSKÓLA

Ársreikningurinn lagður fram til kynningar.

7. ÖNNUR MÁL

- a) *Staða fulltrúa leikmanna/sókna í starfshópi biskups og kirkjuráðs að almannatengslum.*
Framkvæmdastjóra falið að leggja fyrir næsta fund kirkjuráðs samning við fulltrúann.

Honum jafnframt falið að leggja fyrir fundinn drög að starfslýsingu við lögfræðing Kirkjumálasjóðs og fyrir framkvæmdastjóra kirkjuráðs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 41:10

Næsti reglulegur fundur er áætlaður 8. ágúst 2017

Sr. Kristján Valur Ingólfsson,
vígslubiskup.

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Séra Gísli Gunnarsson

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir

Séra Elínborg Gísladóttir